



# Áveitan

1. tbl. 16. árgangur. Janúar 2022

## Þjóttandaæfingar og þrettándabingó

Íþróttæfingar Þjóttanda eru komnar í gang að loknu jólafríi og verða á sama tíma og áður:

- 2.-4. bekkur í Þingborg eftir hádegi á föstudögum
- 5.-6. bekkur í Þingborg á þriðjudögum kl 14:30-16:00
- 7.-10. bekkur í Þingborg á þriðjudögum kl 16-17:30.
- Glímuæfing í Félagslundi fyrir 3.-5. bekk er á þriðjudögum kl 19:30-20:30.
- Glímuæfing í Félagslundi fyrir 6.-10. bekk er á mánudögum kl 19:30-20:30.

Þjálfarar eru sem fyrr Örvar Rafn Hlíðdal, Guðmunda Bríet Steindórsdóttir, Stefán Geirsson og Jón Gunnþór Þorsteinsson.

Nú þegar miklar samkomutakmarkanir eru í gildi og lítið við að vera, fögnum við því að mega halda úti æfingum fyrir krakkana, og hvetjum við alla foreldra til að láta sem flesta vera með.

Félagið fékk á dögnum gefins nokkra bingóvinninga frá Öldu í Syðri Gróf og ákveðið var að efna til þrettándabingós á internetinu. Fleiri góðir vinningar bættust við og úr varð vinsælt 10 vinninga bingó. Þegar Áveitan kemur út verður búið að draga út vinningshafa og hægt er að lesa um þá á Facebooksíðu félagsins. Betur verður fjallað um bingóið í næstu Áveitu.

Nýjárskveðjur frá stjórn Þjóttanda

## Áveitan í Flóahreppi

Útgefandi: Ungmennafélagið Þjótandi.

Ábyrgðarmenn:

Fanney Ólafsdóttir	fanneyo80@gmail.com	892-4155
Bryndís Eva Óskarsdóttir	bryndisdalbae@gmail.com	846-7188
Hallfríður Ósk Aðalsteinsd.	halla@floahreppur.is	845-9719
Ellen Bachmann Lúðvíksd.	ellenbach@simnet.is	616-1588

## Frá sveitarstjóra

Gleðilegt nýtt ár kæru lesendur og takk fyrir það liðna.



Ennþá stendur yfir glíma við veiruna en vonir standa þó til þess að „omikron“ afbrigðið valdi ekki eins miklum veikindum og þau fyrri. Þriðja bólusetningin virðist einnig verja þá sem hafa fengið hana fyrir alvarlegum veikindum. Það breytir ekki því að öll getum við borið veiruna milli manna og þess vegna þurfum við að halda áfram að vera varkár. Töluverð röskun er orðin á starfsemi ýmissa fyrirtækja og þjónustustofnana um allt land. Mikilvægt er fyrir okkur að halda áfram að vanda okkur við að gæta sóttvarna því erfitt er að manna fyrirtæki og stofnanir ef margir veikjast eða lenda í sóttkví á sama tíma. Mikilvægt er að fylgjast með skilaboðum frá almannavörnum og sóttvarnaryfirvöldum og fylgja þeim reglum sem gilda um sóttvarnir þó svo að okkur finnist það stundum súrt.

Margir foreldrar nýttu sér boð Flóahrepps um niðurfellingu á leikskólagjöldum í Krakkaborg dagana milli jóla og nýárs væru börnin heima. Það hefur auðveldað starfið innan leikskólans og minnkað líkur á útbreiðslu veirunnar um leið. Það er ástæða til þess að þakka starfsfólki leikskóla fyrir að standa vaktina fyrir okkur á þessum skrítnu tímum og foreldrum barna einnig fyrir að minnka álagið á leikskólann í kringum um jól og áramót.

Sveitarstjórn Flóahrepps afgreiddi útkomuspá fyrir árið 2021 og fjárhagsáætlun fyrir árið 2022 – 2025 á seinasta fundi ársins 2021. Líkur eru á að skatttekjur ársins 2021 skili sé nokkuð samkvæmt áætlun og Jöfnunarsjóður hefur ágæta burði til þess að standa við

loforð um framlög til hinna ýmsu málaflokka. Skiptir það miklu máli fyrir Flóahrepp og þá þjónustu sem sveitarfélagið veitir íbúum því framlög sjóðsins nema um þriðjung af tekjum sveitarfélagsins í heild.

Fjárhagsáætlun ársins 2022 gerir ráð fyrir 864 milljóna króna heildartekjum fyrir A og B hluta tekjuafgangi upp á 19 milljónir fyrir A hluta og 24 milljónum króna samantekið fyrir A og B hluta. Fjárfesting er áætluð 68,5 millj. kr. á árinu 2022. Á árunum 2023 – 2024 er gert ráð fyrir 490 milljónum krónan í fjárfestingu og verður stærstum hluta þess fjármagns varið til þess að bæta við húsakost Flóaskóla. Gert er ráð fyrir að framkvæmdir verði fjármagnaðar með eigin fé og lántöku. Fjárhagsáætlunin Flóahrepps fyrir árin 2022 – 2025 er í heild sinni birt á heimasíðu Flóahrepps, [www.floahreppur.is](http://www.floahreppur.is)

Gjaldskrár félagsheimila, og gjald fyrir seyrulösun hækka milli ára um 4,4 % eða sem samsvarar þróun á neysliverðs en gjaldskrá fyrir sorphirðu og sorpeyðingu hækkar um 15 %. Auknar kröfur til viðurkenndrar meðhöndlunar á öllu sem við nýtum ekki lengur hafa á undanförunum árum aukið kostnað við þennan mikilvæga málaflokk. Árið 2023 ganga svo í gildi reglur sem fela í sér að ekki verður lengur heimilt að láta sveitarsjóð niðurgreiða sorphirðu og þeim ætlað að greiða sem mynda sorpið, í réttu hlutfalli við magn hjá hverjum og einum. Munu gjaldskrár þá taka mið af því þegar að því kemur og breytingar verða á fyrirkomulagi sorphirðu.

Flóahreppur fékk í haust styrk frá Uppbyggingasjóði Suðurlands til þess að standa að Tónahátíð í félagsheimilum. Menningarnefndin ætlar að sjá um að nýta styrkina í samvinnu við vel valda tónlistarmenn eða uppstandara um leið og færi gefst. Þorrablót eru á dagskránni í öllum félagsheimilum en sóttvarnarreglur munu ráða því hvort þarf að fresta þeim eða hvort af þeim verður.

Tekin hefur verið ákvörðun um að vinna loftslagsstefnu fyrir Flóahrepp í samvinnu við nágrannasveitarfélög á fyrstu mánuðum ársins ásamt því að áfram verður unnið að því að skilgreina markmið og mælikvarða á grundvelli Heimsmarkmiða um sjálfbæra þróun samfélaga.



Íbúafundur er fyrirhugaður til þess að kynna tillögu að skipulagi skólalóðar en bíður meðan enn er óljóst hvernig mál þróast varðandi veiruna. Hann mun verða auglýstur á heimasíðu og öðrum vefmiðlum þegar fundardagur hefur verið ákveðinn.

Vegagerðin heldur áfram að lagfæra malarvegi og er það vel. Fyrir það færir Flóahreppi bestu þakkir.

Við áramót er ástæða til þess að færa kærar þakkir til allra stjórnenda og starfsmanna sveitarfélagsins fyrir vel unnin störf á liðnu ári. Þið hafið staðið ykkur einstaklega vel og unnið vel úr fordæmalausum aðstæðum.

Með góðri kveðju til íbúa og annarra lesenda frá Flóahreppi.

Eydís Þ. Indriðadóttir, sveitarstjóri

### **Frá Kvenfélagi Villingaholtshrepps:**

Gleðilegt nýtt ár kæru félagskonur og aðrir sveitungar.

Ekki verður hægt að halda jólakvöldið okkar í janúar eins og áætlað var. Við ætlum samt að stefna á göngutúr einhvern laugardagsmorgun í janúar þegar viðrar vel. Nánar auglýst á Facebook síðu félagsins.

Nýjárskveðjur frá stjórn

### **Flöskusöfnun 10. bekkjar**

**Komið þið sæl og gleðilegt ár.**

**Við í 10. bekk verðum á ferðinni núna í janúar að safna flöskum og dósnum fyrir útskriftarferðina okkar í vor.**

**Með von um góðar viðtökur.**

**10. bekkur Flóaskóla**



## Fréttir af skólastarfi

Nemendur og starfsmenn Flóaskóla senda bestu óskir um gleðilegt nýtt ár og þakka góð samskipti og samvinnu á liðnum árum.

Að loknu jólafríi hófst skólastarf á nýjan leik 4. janúar. Við erum þakklát fyrir að geta hafið skólastarfið með eðlilegum hætti þrátt fyrir mikinn fjölda smita á landinu. Stjórnvöld leggja áherslu á að halda skólastarfi óskertu eins og kostur er og skiptir þar miklu máli að allir hjálpist að við að fylgja almennum sóttvarnareglum og viðmiðum varðandi smitgát, sóttkví og einangrun. Við hvetjum foreldra til að kynna sér vel allar reglur sem finna má á síðunni [www.covid.is](http://www.covid.is).

Í desember komu fulltrúar Kvenfélags Villingaholtshrepps í heimsókn til okkar og færðu skólanum myndarlega bókagjöf. Það er ómetanlegt fyrir nemendur að hafa úr að velja áhugaverðar og skemmtilegar bækur til að þjálfa lesturinn. Við þökkum kærlega fyrir okkur.

Á viðburðadagatali, sem birt er á heimasíðu skólans, má sjá helstu viðburði sem fram undan eru í skólastarfinu utan hefðundins skólastarfs. Samstarf við Krakkaborg heldur áfram í formi skólaheimsókna og samveru í Skagás. Fjölskyldudagar eru áætlaðir í febrúar þar sem áherslan er á að kynna skólastarfið og einstök verkefni nemenda fyrir fjölskyldum þeirra svo fátt eitt sé nefnt. Gott er að hafa í huga breytingar geta orðið á dagskránni vegna ytri aðstæðna.

Bestu kveðjur frá nemendum og starfsmönnum Flóaskóla




## Aðalfundur Umf. Þjótanda

Aðalfundur ungmennafélagsins verður haldinn fimmtudagskvöldið 17. febrúar kl. 20 í Félagslund. Á fundinum verður farið yfir starfsemi ársins, reikningar kynntir og kosið í stjórn. Bryndís Eva Óskarsdóttir formaður gefur ekki kost á sér til endurkjörs þannig að kjósa þarf nýjan formann. Allir sem eru áhugasamir um formannsstöðuna eru beðnir að setja sig í samband við stjórnina sem fyrst. Veitt verða verðlaun fyrir íþróttamann ársins og félaga ársins. Ef núverandi samkomutakmörkunum hefur ekki verið aflétt þegar að fundinum kemur, verður honum frestað. Nánar auglýst í næstu Áveitu.

Stjórnin

## Sudoku hornið!



9				6				3
1		5		9	3	2		6
	4			5				9
8						4	7	1
		4	8	7				
7		2	6		1			8
2								
5				3	2		9	4
	8	7		1	6	3	5	

# Uppskriftahornið

## Grafin nautalund með hvítlaukssósu

Mínar bestu óskir um gleðilegt ár til allra lesenda Áveitunnar og sérstakar kveðjur til hans Ragnars á Litla-Ármóti fyrir áskorunina. Svona af því að áskorunin kom frá uxakjötsframleiðandanum þá ákvað ég að velja uppskrift sem er í miklu uppáhaldi og ég er einmitt búin að prófa á fina uxakjötinu frá Litla-Ármóti sem bragðaðist alveg sérlega vel eftir þessa meðhöndlun.

0,5 – 1 kíló nautalund  
1 msk timian  
1 – 1 ½ msk. mulið rósmarín  
1 msk mynta  
1-2 lárviðarlausblöð mulin  
1-2 msk sítrónupipar  
1,5 – 2 kíló gróft matarsalt

Snyrtið nautalundirnar og fjarlægjið stóru sinarnar. Blandið timian, rósmarín, myntu, lárviðarlaufi og sítrónupipar og þekið lundirnar alveg með kryddi, núíð inn og nuddið. Þekið botn á glerfati með grófu salti, leggið lundirnar ofaná og hellið salti yfir þannig að lundin er alveg þakin. Látið standi 4 – 5 klst. í stofuhita. Burstið þá saltið af kjötinu með því að gefa því nokkra selbita. Pakkið í álpappír og setjið í frysti.

Takið lundir úr frysti 1-2 tíma fyrir framreiðslu. Skerið hálfrosið í mjög þunnar sneiðar. Berið fram með hvítlaukssósu.

### Sósan:

1-2 dósir sýrður rjómi  
5-6 hvítlauksrif  
1 tsk. sítrónupipar  
Tabasco sósa, nokkrir dropar.  
Allt hrært saman.

Ætli ég sendi ekki bara boltann svo áfram á hina Dalakonuna í Flóanum, hana Ingu Dröfn Sváfnisdóttur á Lækjarbakka. Er sannfærð um að hún lumar á einhverju ljúffengu.

Björk Guðbjörnsdóttir, Halakoti II

## Tilkynning frá Þorabróltsnefnd Hraungerðis- og Sandvíkurhrepps

Þorabrólta er frestað um óákveðinn tíma vegna anna hjá nefdarmönnum... nei grín!

Það vita allir ástæðuna og óþarfi að nefna hana. Hver veit nema að Góugleði eða hásumargleði verði haldin.



Kveðja,  
nefndin endalausa.

## Dagskrá mánaðarins

Glímuæfing eldri í Félagslundi	10. janúar
Glímuæfing yngri í Félagslundi	11. janúar
Æfingar í Þingborg	11. janúar
Glímuæfing eldri í Félagslundi	17. janúar
Glímuæfing yngri í Félagslundi	18. janúar
Æfingar í Þingborg	18. janúar
Glímuæfing eldri í Félagslundi	24. janúar
Glímuæfing yngri í Félagslundi	25. janúar
Æfingar í Þingborg	25. janúar
Glímuæfing eldri í Félagslundi	31. janúar



Eyravegi 32 · Sími 480 1160 · Neyðarnúmer 660 1160